



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 32/2021

Sölubann á kerti hjá Samkaupum hf.

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofu barst ábending um kerti frá framleiðandanum Premier Decorations Ltd. sem seld voru í verslunum Samkaupa hf. Um er að ræða kertin „PG Kerti 25cm“ í gylltu (vörunúmer AC074646) og rauðgylltu (vörunúmer AC095477R), sbr. meðfylgjandi myndir. Laut ábendingin að því að litaða húðin á kertunum væri svo þykk að kertin brenni óeðlilega og geti því valdið hættu. Í ábendingunni kom fram að neistaflug hafi í einhverjum tilvikum myndast frá kertunum og hafi eldstrókur staðið upp í loft og kertavax frussast frá þremur kertum.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 18. febrúar 2021, var með vísan til laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinber markaðsgæslu, og viðeigandi staðla óskað eftir gögnum sem sýndu fram á að varan gæti talist örugg. Engin svör bárust vegna erindisins.

Þann 8. mars 2021 ítrekaði stofnunin beiðni sína með vísan til fyrra bréfs.

Tölvubréf barst stofnuninni frá Samkaupum þann 10. mars 2021 þar sem tilkynnt var að beiðni væri svara frá framleiðanda kertanna og að kertin hafi verið tekin úr sölu. Þá var vísað til tölvupósts starfsmanns hjá Premier Decorations sem hélt því fram að engar kvartanir hafi áður borist vegna kertanna í þau tíu ár sem þau höfðu verið í sölu. Þá tilkynnti fulltrúi Samkaupa jafnframt að hann hefði prófað nokkur kerti og ekki getað fengið sömu niðurstöður og komu fram í framangreindri ábendingu.

Þann 12. mars 2021 barst stofnuninni tölvubréf frá Samkaupum. Meðfylgjandi voru prófunarskýrsla frá prófunarstofu fyrir önnur kerti en mál þetta lítur að og skýrsla sem sýnir fram á innra eftirlit framleiðanda kertanna á kertunum fyrir flutninga. Að sögn framleiðanda laut prófunarskýrslan að kertum sem voru sambærileg þeim sem málið varðar, enda sama vax notað og sömu framleiðsluaðferðum beitt. Samkvæmt prófunarskýrslunni var um að ræða jöladagatals kerti með ósambærilegri húðun og þau kerti sem mál þetta varðar.



Með tölvubréfi, dags. 19. mars. 2021, tilkynnti Neytendastofa að útvega þyrfti prófunarskýrslu fyrir þau kerti sem mál þetta lýtur að, enda kynni mismunandi húðun kertanna að skipta máli.

Með tölvubréfi, dags. 23. mars. 2021, barst stofnuninni skjal sem talið var vera rétt. Við nánari athugun kom hins vegar í ljós að um hafi verið að ræða sömu prófunarskýrslu og áður var greint frá. Með tölvubréfi, dags. 6. apríl sama ár, tilkynnti stofnunin að um sömu prófunarskýrslu hafi verið að ræða og krafðist prófunarskýrslu fyrir þau kerti sem mál þetta varðar.

Stofnunin ítrekaði beiðni sína í tvígang með tölvubréfum, dags. 5. og 25. maí 2021. Þann 25. maí sama ár tilkynnti starfsmaður Samkaupa að búið væri að ítreka beiðnina við framleiðanda kertanna og að gögnin myndu vonandi berast fyrir 1. júní.

Með tölvubréfi, dags. 10. júní 2021, tilkynntu Samkaup að engin frekari gögn myndu berast. Í sama bréfi var vísað til svars framleiðanda kertanna, þar sem greint var frá því að engin prófunarskýrsla væri til fyrir umrædd kerti. Í erindi framleiðanda var það einnig ítrekað að prófunarskýrsla fyrir sambærileg kerti hefði borist, skýrsla sem væri hluti af innra eftirliti framleiðanda á kertunum og tekið fram að á umbúðum kertanna væru ýmsar aðvaranir um rétta notkun á kertunum.

Með hliðsjón af framangreindu lýsti stofnunin gagnaöflun lokið í málinu og Samkaupum tjáð að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi kerta sem seld voru í verslunum Samkaupa. Á grundvelli ábendingar frá neytanda hafði húðun kertanna verið svo þykk að neistaflug myndaðist út frá einhverjum þeirra og eldstrókur myndast út frá þremur þeirra. Í málinu liggur fyrir prófunarskýrsla fyrir annað kerti frá sama framleiðanda og skýrsla sem var gerð sem hluti af innra eftirliti framleiðanda. Að mati stofnunarinnar hafa Samkaup ekki fært nægilegar sönnur á öryggi kertanna.

2.

Um eftirlit Neytendastofu segir m.a. í 11. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu:

„Neytendastofa og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld skulu hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi.

Neytendastofa og önnur eftirlitsstjórnvöld fara með opinbera markaðsgæslu í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. laga þessara og taka stjórnvaldsákvæðanir í samræmi við IV.



og V. kafla laga þessara um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda, svo og ákvæði sérlaga eftir því sem við getur átt. “

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

“Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis. “

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.

2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.

3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.

4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk. “

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru. “

Um öryggi kerta er nánar fjallað í stöðlunum ÍST EN 15426:2018 „Candles – Specification for sooting behaviour“, ÍST EN 15493:2019 „Candles – Specification for fire safety“ og ÍST EN 15494:2019 „Candles – Product safety labels“.



Ákvæði um réttarúrræði Neytendastofu eru í V. kafla laganna. Í 21. gr. laga nr. 134/1995 er kveðið skýrt á um skyldu Neytendastofu til aðgerða t.d. ef ábyrgðaraðili vöru s.s. framleiðandi og dreifingaraðili hefur ekki gripið til viðeigandi ráðstafana, svo sem rakið hefur verið hér á undan, er svohljóðandi

„Eftirlitsstjórnvöld skulu afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu vöru ef ljóst þykir að hún uppfylli ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum.“

Ákvæði 22. gr. laga nr. 134/1995 er svohljóðandi:

„Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu og sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls. Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu eða sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðanda eða dreifingaraðila, eftir því sem við getur átt, til að lagfæra vöruna þannig að hún uppfylli settar reglur, afhenda kaupendum sams konar vöru, en hættulausa, eða greiða kaupendum andvirði vörunnar. Eftirlitsstjórnvald getur jafnframt ákveðið að óheimilt sé að lagfæra vöru eða endurnýta hana á annan hátt ef það telst hættulegt eða varhugavert að mati þess.“

4.

Eins og áður hefur komið fram bárust stofnuninni ekki umbeðnar prófunarskýrslur fyrir gyllt kerti (vörunúmer AC074646) og rauðgyllt kerti (vörunúmer AC095477R). Aðeins barst prófunarskýrsla fyrir jóla dagatals kerti, sem er með annarri húðun en framangreind kerti, og skýrsla frá framleiðanda sem var hluti af innra eftirliti fyrirtækisins. Þá virðist húðun kertanna vera svo þykk að eldhætta skapist við notkun á kertunum. Telur Neytendastofa þ.a.l. að Samkaupum hafi ekki tekist að sýna fram á öryggi kertanna, sbr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995.

Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. og 21. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, telur Neytendastofa nauðsynlegt að kveða á um bann við sölu kerta með vörunúmerum AC074646 og AC095477R, sbr. meðfylgjandi myndir. Skulu vörunar teknar varanlega af markaði og allri frekari dreifingu og sölu þeirra hætt.

Bann þetta tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðar það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Samkaup hf., Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ, er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21.gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, bannað að selja og afhenda gyllt (vörunúmer AC074646) og rauðgyllt (vörunúmer AC095477R) *PG kerti 25 cm* frá framleiðandanum Premier Decorations Ltd.

Bann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 17. september 2021

Þórunn Anna Árnadóttir
Forstjóri

Guðni Már Grétarsson

FYLGISKJAL: Myndir af umræddum kertum

[Máli þessu var áfrýjað, sjá úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála í máli nr. 155/2021.](#)



FYLGISKJAL

